ÞOTT-
ÞÉTTAR
ÞERUR
Á GÓÐU
VERÐI
RING
Allar RING bílaperur
bera merkið E
sem þýðir að þær
uppfylla ýtrustu
gæðakröfur E.B.E.

Síðustu sýningar á Degi vonar

LEIKRITIÐ Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson hefur nú verið sýnt í Iðnó tæplega níutíu sinnum. Verkið var frumsýnt í Iðnó á 90 ára afmæli Leikfélagsins 11. janúar 1987 og hefur því verið á fjölum Iðnó í rúmt ár. Degi vonar var strax í byrjun vel tekið jafnt af áhorfendum sem gagnrýnendum.



Guðrún S. Gísladóttir og Sigurður Karlsson í hlutverkum sínum í Degi vonar en sýningum á verkinu fer nú senn að ljúka hérlendis.

Leikfélagi Reykjavíkur hefur verið boðið að fara með sýninguna á mikla leiklistarhátíð í Finnlandi nú í vor og fyrir skömmu var leikritið valið til leiklestrar í mjög virtu leikhúsi í Los Angeles í Bandaríkjunum. Þar fer verkið á fjalirnar nú í marsmánuði og hefur þeim Birgi Sigurðssyni höfundi og Stefáni Baldurssyni leikstjóra verið boðið með. Mun Stefán leikstýra leiklestrinum þar vestra og hafa yfirumsjón með allri uppsetningu.

Dagur vonar er sýnt í Iðnó og hefjast sýningar kl. 20. Nú eru aðeins örfáar sýningar eftir á leikritinu hérlendis.

Leikendur í Degi vonar eru þau Margrét Helga Jóhannsdóttir, Sigurður Karlsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Valdimar Örn Flygenring, Guðrún S. Gísladóttir og Sigríður Hagalín.

Leikstjóri er Stefán Baldursson, leikmynd hannaði Þórunn S. Þorgrímsdóttir, lýsingu Daníel Williamsson og tónlistin í sýningunni er eftir Gunnar Reyni Sveinsson.



Júlíus

Listamennirnir Anna Þóra Karlsdóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir við verk Sigurlaugar Stiklur.

Saarilla

Norræn textílsýning á Kjarvalsstöðum

SÝNING 10 norænna textíllistamanna opnar í Austursal Kjarvalsstaða í dag, laugardag 12. mars. Yfirskrift sýningarinnar er Saarilla sem er finnska og þýðir: Á eyjunum. Tveir listamenn frá hverju Norðurlandanna eiga verk á sýningunni og af Íslands hálfu taka þær Anna Þóra Karlsdóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir (Silla) þátt í sýningunni Á eyjunum.

Í samtali við Morgunblaðið sögðu þær Anna Þóra og Sigurlaug að undirbúningur að þessari sýningu hefði staðið yfir í tvö ár. Þessi 10 manna hópur hefði kynnst í gegnum aðrar sýningar og þannig hefði verið ákveðið að mynda vinnuhóp sem starfaði að verkum undir þessu sameiginlega heiti. Myndrænt viðfangsefni allra listamannanna er eyjar. Á sýningunni eru verk unnin með alls konar tækni, allt frá hefðbundnum myndvefnaði yfir í verk unnin með blandaðri og frjálsri tækni þar sem skil milli skúlptúrs og vefnaðar eru óljósari. Þátttakendur auk Sigurlaugar og Önnu Þóru eru Margrethe Agger og Nanna Hertoft frá Danmörku, Gun Dahlquist og Kajsa af Petersens frá Svíþjóð, Marith Ann Hope og Sidsel C. Karlsen frá Noregi og Anna-Liisa Troberg og Agneta Hobin frá Finnlandi.

Sýningin Á eyjunum er farandsýning og fer héðan til Færeyja, þaðan til Borgundarhólms og Álandseyja. Sýningin er styrkt af Norræna menningarmálasjóðnum, Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneytinu og öðrum opinberum aðilum á Norðurlöndum. Sýningin stendur yfir til 28. mars og er opin kl. 14 -22 daglega.

Konica U-BIX
LJÓSRITUNARVÉLAR

GIANT SIZE duraflame
THE BIGGER LOG BURNS LONGER THAN OTHERS
6 LB FIRELOG - BURNS 3 HOURS IN COLORS
MEST SELDI ARINKUBBURINN Í BANDARÍKJUNUM
Einkaumboð og söluaðili:
BRIMBORG,
Ármúla 23, símar 685870 og 681733

JÖFUR – ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BÍL



92 til 160 ha. vélar
4 dyra, 5 gíra.
- Rúmgóður fjölskyldubíll
- Vönduð innrétting
- Sparneytinn en kraftmikill og lipur í akstri
- 70 lítra eldsneytisgeymir
- Lítil loftmótstaða (Cx aðeins 0,29–0,31 eftir útfærslum)
- Elektrónísk kveikja
- Framhjóladrif.
- Innbyggðar rúðusprautur í þurrkum
- Rúmgóð 470 lítra farangursgeymsla
- Fjarstýrðir móðufríir útispeglar.
- Hemlar með læsivörn (ABS)
- Bein innspýting (Fuel injection)
- Rafmagnsupphalarar fyrir rúður
- Allæsing (Central lock)
- Upphituð sæti
- „Low-profile" dekk
- Álfelgur
- Veltistýri
- Litað gler

Peugeot 405

BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 1988

Peugeot 405 var kosinn bíll ársins 1988 í Evrópu með mestu yfirburðum sem þekkst hafa í sögunni.
Ástæðurnar eru frábær hönnun, aksturseiginleikar, þægindi, öryggi og síðast en ekki síst það, hversu mikið fæst fyrir peningana. Að auki var Peugeot 405 kosinn bíll ársins 1988 í Danmörku og Noregi. Til þess að kóróna þetta allt saman var Peugeot 405 sá bíll sem þjóðverjum fannst við hæfi að sæma „Gullna stýrinu" árið 1988. Hægt er að spyrja: Getur einn bíll unnið mikið fleiri verðlaun?
Tölvutæknin var nýtt til hins ýtrasta við hönnun Peugeot 405 enda er það samdóma álit allra að þessi bíll sé á undan sinni samtíð og að PEUGEOT/Pininfarina hafi tekist hönnunin frábærlega.
Komdu og reynsluaktu Peugeot 405 – Þetta er bíll fyrir þig.
Peugeot 405, verð frá 639.200,–
Bílar til afgreiðslu strax.

OPIÐ VIRKA DAGA 9–6, LAUGARDAGA 1–5

JÖFUR HF
Nýbýlavegi 2 · Sími 42600